



OECD Insights

Sustainable Development: Linking Economy, Society, environment

Summary in Icelandic

Skilningur OECD

Sjálfbær þróun: Tengsl atvinnulífs, samfélags, umhverfis

Útdráttur á íslensku

- Við sjáum orðalagið „sjálfbær þróun“ hvarvetna þessa dagana en hvað þýðir það í raun? Hvernig hafa framleiðsla og neysla áhrif á sjálfbærni? Hjálpar hnattvæðing atvinnulífsins til eða stendur hún í vegi fyrir því? Er hægt að mæla sjálfbærni með því að nota hefðbundin greiningartæki atvinnulífsins? Hvað geta stjórnvöld, fyrirtæki og borgarar gert til að örva hana?
- Í þessu hefti úr röð OECD, *Skilningi*, er glímt við þessar spurningar og kynntar hugmyndir, umræðuefni og leitni sem forma hugsun okkar um sjálfbærni. Í því eru færð rök fyrir því að þrátt fyrir að heildarhugmyndin virðist oft snúast af nauðsyn um umhverfið er sjálfbærni í raun um það að nota hagfræðilega þróun til að hlúa að sanngjarnara samfélagi um leið og vistkerfi og náttúruauðlindir eru virt.
- Þetta er ekki auðvelt viðfangsefni, og það sem við sem borgarar, eða stjórnvöld, verðum að velja felur venjulega í sér málamiðlanir. Í *Sjálfbærri þróun* er áskorunin útlistuð og tillögur að því hvernig þeim verður mætt.

Vissirðu?

- Fjórða hver manneskja í þróunarheiminum býr við algjöra fátækt.
- Milljarður farsíma selst á hverju ári og meðalsímanotandi skiptir um síma á eins og hálfis til tveggja ára fresti.
- Það þarf 2400 lítra af vatni til að búa til hamborgara.

Hugtakið sjálfbær þróun ávann sér fyrst almenna viðurkenningu seint á 9. áratugnum eftir að það birtist í *Okkar sameiginlegu framtíð*, einnig þekkt sem *Brundtland-skýrslan*. Skýrslan, sem var niðurstaða nefndar sem var skipuð af Sameinuðu þjóðunum og stofnuð til að leggja drög að „hnattrænni dagskrá að breytingum“ hvað varðar heildarhugmynd og framkvæmd þróunar, gaf merki um mikilvægi þess að hugsa upp á nýtt leiðir til að lifa og stjórna.

Tvö atriði eru brýn í sjálfbærri þróun. Annars vegar er skilningur á að hagvöxtur einn og sér dugir ekki til að binda endi á vandamál heimsins: efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg sjónarmið hverrar aðgerðar eru tengd. Ef aðeins eitt sjónarmið er haft í huga í einu leiðir það til yfirsjónar í dómgreind og „ósjálfbærrar“ niðurstöðu. Ef sjónum er t.d. aðeins beint að hagnaðarvon sýnir sagan að niðurstaðan verði félagslegur og umhverfislegur skaði sem kostar samfélagið til langs tíma litið. En að annast um umhverfið og leggja til þjónustu sem fólk þarf á að halda hvílir a.m.k. að hluta til á efnahagslegum auðlindum.

Að svo búnu kallar samtengt eðli sjálfbærrar þróunar á að fara út fyrir mörkin, hvort sem þau eru landfræðileg eða stofnanaleg, til að samhæfa tækni og taka vandaðar ákvarðanir. Vandamál eru sjaldnast hamin innan fyrirfram skilgreindrar lögsögu, s.s. á einni stjórnarskrifstofu eða í stöku byggðarlagi, og vitrænar lausnir útheimta samvinnu sem hluta af ákvarðanatökufæri.

Í kjarna sjálfbærrar þróunar er þörfin fyrir að íhuga „þrjár stoðir“ *saman*: samfélag, efnahag og umhverfið. Sama hvert samhengið er er grunnhugmyndin áfram sú sama – fólk, búseta og hagkerfi er allt tengt. Ef til vill getum við virt að vettugi þessi gagntengsl í nokkur ár eða áratugi en sagan hefur sýnt að áður en langt um líður erum við minnt á þau af einhvers konar viðvörðun eða krísu.

Sögulegt, efnahagslegt, félagslegt og pólitískt samhengi hvers lands er einstakt en grundvallarreglur um sjálfbæra þróun eiga við allt. Hagvöxtur er nauðsynlegur en vöxturinn einn saman, án skilnings á öllum þeim þáttum sem stuðla að velferð, dregur ekki sjálfbært úr fátækt. Hagvöxtur er venjulega í samhengi við heildarumbætur lífsgæða, meiri menntun og lífslíkur hvers ríkis en þetta segir okkur ekki hvernig á að ná vextinum, hvort hann endist eða ekki og hver hagnast eða verður viðskila.

Efnisleg og óefnisleg gildi

Við búum í samfélagi þar sem vöxtur og efnahagsleg athafnasemi hafa lengi verið miðlæg. Verg landsframleiðsla heimsins hefur vaxið úr 16 billjónum bandaríkjadala á miðjum 8. áratugnum upp í meira en 40 billjónir bandaríkjadala í dag. Fyrirtæki ryðja úr sér meiru af öllu og finna stöðugt upp nýja framleiðslu. Þótt fátækt og skorti sé enn til að dreifa býr flest fólk í OECD ríkjum enn við þau lífskjör að geta leyft sér að verja hluta af tekjunum í aðrar vörur og aðra þjónustu en mat, húsaskjól, fatnað og aðrar grunnvörur.

Það er stórkostleg áskorun að tiltaka verðmæti hluta sem áður féllu utan kerfis bókhalds, fjármálaáætlana og mælinga. Það er t.d. ekki auðvelt að tiltaka verðmæti náttúruauðlinda. Verðmæti sumra, s.s. skóga, er hægt að reikna út frá framleiðslu af því að þeir eru keyptir og seldir og hafa þannig peningalegt verðmæti. Þótt við vitum viðarverðið segir það okkur ekkert um gildi viðarins í að veða upp á móti losun koltvísýrings, hlutverk hans í að standa vörð um líffræðilegan fjölbreytileika eða andlegt og menningarlegt gildi hans fyrir fólk sem setur traust sitt á hann.

Leitni í hnattrænni framleiðslu og neyslumynstri er ólíkleg til að breytast svo um muni. Vörur eru að verða ódýrari og eru fluttar í stöðugt meira magni milli heimshluta. Tækni gæti dregið úr sumum neikvæðum áhrifum á sjálfbærni en hún mun skapa önnur, og vaxandi neysla fer oft fram úr tækniframförum. Bílar eru núna t.d. miklu sparneytnari en áður, en loftmengun verður æ verri af því að svo margt fólk á bíla.

Reynsla síðustu áratuga hefur leitt í ljós að það að bjóða „grænum“ jaðarmarkaði eða markaði „sanngjarnra viðskipta“ upp á sjálfbæra framleiðslu nægir ekki til að breyta mynstri í meira mæli, ekki einu sinni þótt það hafi verið marktækur þáttur í að þoka bæði framleiðendum og neytendum í rétta átt.


Fleira fólk gerir sér grein fyrir þeim áhrifum sem val þess hefur á heiminn í kringum það. Vandamál sem tengjast ósjálfbærri neyslu – t.d. bensínkostnaður – eru byrjuð að snerta við meðalneytandanum á áþreifanlegan hátt. Afleiðingin er að vaxandi fjöldi neytenda er byrjaður að spyrja mikilvægra spurninga um hvað hann kaupir, hversu mikill úrgangur fellur til af framleiðslunni og þökkun hennar, hversu miklu vatni, orku og öðrum auðlindum er varið í framleiðsluna (og förgun hennar) og hverjar eru búháttar- og vinnuástæður fólksins sem býr til vöruna.

Framleiðendur hanna nú fleiri vörur sem skírskota til smekklegra kosta þeirra eða auðveldra nota *sem* og umhverfislegrar og félagslegrar sjálfbærni. Breytingarnar á neytendavitund og útbreiðslu sjálfbærari framleiðslu og þjónustu síðustu árin eru uppörvandi. Sumir málsvarar gagnrýnenda og neytenda benda með réttu á að sumt er léttvægt eða til þess fallið að drepa á dreif. Framleiðsla sem gefur sig út fyrir að vera umhverfisvæn getur virst fjarri því þegar maður virðir gaumgæfilega fyrir sér innihaldslýsingu eða greiningu á öllu framleiðsluferlinu. Sú staðreynd að fleira fólk og fyrirtæki kannist við og jafnvel vilji hagnast á þessari uppötvun sýnir vaxandi magnskírskotun til sjálfbærni.

Að mæla sjálfbærni: hvað eigum við að telja og hvenær?

Við fyrstu sýn virðist mæling á sjálfbærri þróun ómöguleg. Viðfangsefnið er svo umfangsmikið og áhrifin svo megn – loftslagsbreytingar, umönnun barna, viðskiptasiðferði, stefnumótun stjórnvalda og tilhneiging neytenda svo að nokkur séu nefnd. Við vitum

Meiri bjór? Vatnsmagn (L)



að sjálfbær þróun felur í sér efnahagslegar, félagslegar og umhverfislegar breytur – og að vissu marki verður að mæla þær allar. Það er gnótt vísbendinga frá hefðbundnum þjóðhagslegum mælikvörðum, s.s. vergri þjóðarframleiðslu og framleiðni; efnahagslegum vísbendingum, s.s. vatnsneyslu og losun, og félagslegri tölfræði, s.s. lífslíkum og því að koma á menntun. En hvaða vísbendingar eru mikilvægastir fyrir sjálfbæra þróun?

Viðfangsefnið verður jafnvel erfiðara vegna þeirrar staðreyndar að þegar sjálfbær þróun er margvíð er hún kraftmikið hugtak. Mæling á henni útheimtir hagræðingu fjölda færíbreyta, þar á meðal sjóndeildarhring tímans. Efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg fyrirbæri starfa í mismunandi takti. Hugum að atvinnulífínu, ef einhver er með áform um stórkostlegt orkuverkefni þarf viðkomandi að hugsa a.m.k. 50 ár fram í tímann en ef hann færir sér fjármagnsmarkaði í nyt geta nanósekúndurnar sem það tekur talnagögn að fara úr einni kauphöll í aðra merkt umtalsverðan gróða eða umtalsvert tap. Umhverfið sýnir hvernig breytingarnar geta skyndilega aukið hraðann eins og þegar fiskistofnar hverfa snögglega eftir að þeim hefur hnignað hægt og bitandi árum saman.

Þar að auki þurfum við að hafa hugfast að sjálfbær þróun er ferli sem tengir það sem hefur gerst í fortíðinni við það sem við fáumst við í dag sem að sama skapi hefur áhrif á möguleika og afleiðingar framtíðarinnar. Og það að þróa mælikvarða er ekki einvörðungu tölfræði- eða tæknileg æfing. Það tekur á tveimur mjög viðkvæmum svæðum í öllum samfélögum: ábyrgð stjórnvalda og félagslegri þátttöku. Það að mæla framfarir í sjálfbærri þróun með áreiðanlegum upplýsingum er meginuppistaðan í lýðræðislegu ferli. Það varpar meiri ábyrgð á stjórnvöld og færir fólki tæki til að taka virkari þátt í að skilgreina og meta stefnumarkmið.

Meginhugmyndin í sjálfbærri þróun er tengsl milli velferðar núlifandi kynslóðar og velferðar framtíðarkynslóða. Til að búa til tengingu getum við notað „höfuðstólsnálgunina“, ramma til að mæla sjálfbæra þróun sem vinnur eftir þeirri meginreglu að það að velferð sé sjálfbær útheimti smám saman tryggingu fyrir því að við endurnýjum eða varðveitum ríkidæmi í mismunandi þáttum. Með þessari aðferð nær heildarhöfuðstólsgrunnur samfélags til fimm stakra gerða:

- *fjárhagslegs auðs* eins og hlutabréfa, skuldabréfa og gjaldeyrisinnlána;
- *efnislegs auðs* eins og vélbúnaðar, bygginga, fjarskipta og annarra grunngerða;
- *náttúrulegs auðs* í mynd náttúruauðlinda, jarða og vistkerfis sem stendur fyrir þjónustu eins og úrgangseyðingu;
- *mannauðs* í mynd menntaðra og heilbrigðra starfskrafta;
- *félagslegs auðs* í mynd félagslegs tengslanets og stofnana.

Með því að upphugsa þessar mismunandi tegundir auðs sem innlegg í framleiðslu velferðar getum við reiknað ríkidæmi þjóðar sem samtölu mismunandi gerða auðs.

Stjórn óvissunnar

Fjölmíðlar leggja oft áherslu á hlutverk fyrirtækja og einstaklinga í sjálfbærri þróun en stjórnvöld geta haft miklu meiri áhrif en jafnvel stærstu fjölþjóðafyrirtæki. Geta þeirra til að hafa áhrif á hegðun og samhæfa viðleitni getur skipt sköpum við að ná verulegum árangri. Sú áskorun að finna réttu stefnumótunartækin til að stuðla að góðum framleiðslu- og neysluvenjum og forðast skörun og ósamkvæmni er ein sú stærsta sem stjórnvöld glíma við. Það að fá framleiðendur og neytendur til að breyta er ekki alltaf árangursríkasta leiðin til að takast á við viðfangsefnin og ekki er heldur nóg að kalla fram nógu mikla breytingu í nógu stórum stíl. Einstakir framleiðendur eða neytendur búa venjulega yfir litlu valdi til að breyta hlutum og hafa heldur ekki áhuga á því. Stjórnvöld hafa hvað sem öðru líður gríðarlegt forskot þar sem þau geta samið lög og sett reglur. Eitt mögulegt úrræði er einfaldlega að útiloka framleiðslu og hegðun sem hefur reynst valda meira tjóni en verða til góðs. Þetta er það sem henti klórflúorkolefni (lofttegundir sem eru notaðar í ísskápa og úðabrúsa) sem voru við það að eyðileggja ósonlagið.

Umhverfistengdir skattar („grænir“ eða „vistvænir“) og losunarviðskipti geta líka verið árangursrík verkfæri. Þau geta neytt þá sem menga (hvort sem það eru framleiðendur eða neytendur) til að taka tillit til kostnaðar við mengun og geta hjálpað til við að draga úr eftirspurn eftir skaðlegri vöru. „Plastskattur“ Írlands á árinu 2002 hafði í för með 90% samdrátt í notkun plastpoka.

Stjórnvöld standa fyrir fjölda verkefna sem geta lagt sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar. Í gegnum gagnaöflun og greiningu, stefnumörkun og samhæfingu geta þau boðið stuðning og forystu til að þoka samfélaginu í tiltekna átt. Þau geta tryggt að hagsmunir einstaklinganna spilli ekki fyrir almannahag. Stjórnvöld skerast líka í leikinn til að takast á við það sem hagfræðingar kalla „markaðsbrest“, aðstæður þar sem markaðsöflin ein og sér skapa ekki skilvirkustu niðurstöðuna. Og þegar horft er til hnattrænnar náttúru margra áskorana sem blasa við sjálfbærninni verða þjóðir að vinna saman í efstu lögum að því að hanna og nýta úrræði. Stjórnvöld þjóða hafa umboð og vald til að gera þetta. Þau hafa líka ráðin til að tryggja að ákvörðunum sé beitt.

Þegar hlutverki stjórnvalda er lýst er auðvelt að gefa af því þá mynd að stjórnun á sjálfbærri þróun sé einvörðungu til þess að staðfesta markmið og síðan koma fyrir röð ráðstafana og yfirbyggingar til að hafa umsjón með þeim. Það er ekki svo. Um það bil hver einasta hlið hagkerfisins, samfélagsins og efnislegra fanga sem þau treysta á þegar upp er staðið hefur áhrif á sjálfbærni. Niðurstöðurnar eru komnar undir óendanlegum víxlverkunum sem vinna við mismunandi tímamörk

breytilegs mikilvægis. Engin aðferð, sama hvað hún er harðger, engin forsjálmi, sama hvað hún er skörp, getur sagt okkur allt sem við vildum gjarnan vita. Stjórnvöld sem reyna að innleiða sjálfbærni verða að kljást við þessa óvissu. Ekki aðeins markmiðin, heldur líka aðferðirnar og verkfærin sem eru notuð í vegferðinni verða líka að vera sjálfbær. Þau verða að vera nógu ströng til að vera skilvirk og nógu sveigjanleg til að aðlagast meðan kringumstæður og forgangsröðun þróast. Frammi fyrir óvissunni verður stjórnin sjálf að vera sjálfbær.

Hægt er að nálgast skýrsluna í heild sinni á www.oecd.org/insights

Þessi útdráttur inniheldur **StatLinks**, þjónustu þar sem Excel™-skrár eru fáanlegar af prentuðu síðunni!

© OECD 2008

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing..

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop/

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal, 75116
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

